



## Jafnréttisstofa

*Alþingi 2.7.*  
**Erindi nr. P 141/79**  
**komudagur 10.10.2012**

Nefndasvið Alþingis  
c/o Sigrún Helga Sigurjónsdóttir  
Austurstræti 8-10  
150 Reykjavík

Akureyri, 10. október 2012  
1210010 KÁ


Efni: Umsögn um frv. til laga um breytingar á lögum um kosningar til Alþingis og lögum um kosningar til sveitarstjórna

Jafnréttisstofu hefur borist til umsagnar frv. til laga um breytingar á lögum um kosningar til Alþingis og sveitarstjórna. Jafnréttisstofa tekur undir efni frumvarpsins og styður að fötluðu fólki sé gert kleift að nýta kosningarétt sinn á sem auðveldastan hátt. Engu að síður er rétt að minna á að grundvallarreglan er leynilegar kosningar sem eiga að tryggja að vilji kjósendans nái fram að ganga. Það er ekki að ástæðulausu að lög kveða á um að starfsmenn kjörstjórna eigi að aðstoða þá kjósendur sem ekki geta kosið sjálfir. Hlutlausir starfsmenn kjörstjórna eiga að tryggja að farið sé að vilja viðkomandi kjósenda. Sú tortryggni sem nú ríkir í garð opinberra aðila kann að valda því að þessi mál komu upp í nýafstöðunum forsetaskosningum.

Þeir Íslendingar sem tekið hafa þátt í kosningaefirliti eða verið vitni að kosningum í nýfrjálsum ríkjum hafa margsinnis orðið vitni að því að fjölskylduféðurnir vilja fá að kjósa fyrir alla fjölskylduna, aðallega þó konurnar sem þeir telja sig ráða yfir. Einnig er hvers kyns kosningasvindl alþekkt. Það er því mjög brýnt að strangar reglur gildi um framkvæmd kosninga þannig að sjálfstæði einstaklinganna sé virt en kosningar eru einn af hornsteinum lýðræðisins.

Það frumvarp sem hér er til umsagnar er réttarbót fyrir þá einstaklinga í röðum fatlaðra sem geta tjáð vilja sinn og vilja fá að nota sína aðstoðarmenn í kosningum. Það kemur þá í hlut kjörstjóra að meta hvort beiðnin eigi rétt á sér en dæmi gætu komið upp þar sem vafi gæti leikið á um vilja kjósendans. Reynslan verður að leiða í ljós hvernig til tekst. Þarna eru álitamál á ferðinni en þar sem það er skýr vilji samtaka öryrkja að þetta fyrirkomulag verði tekið upp telur Jafnréttisstofa rétt að láta á það reyna.

Virðingarfyllst,

  
Kristín Ástgeirsdóttir  
framkvæmdastýra